

	Pús. kr.	Pús. kr.
<b>13 Hagstofa Íslands</b>		
102 Þjóðskráin . . . . .	335	
Óhafnar fjárveitingar . . . . .	<u>-3 260</u>	
Samtals ráðuneyti		-2 925
<b>14 Umhverfisráðuneyti</b>		
101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa . . . . .	<u>4 588</u>	
Samtals ráðuneyti		4 588
<b>15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun</b>		
Óhafnar fjárveitingar . . . . .	<u>-536 695</u>	
Samtals ráðuneyti		-536 695

*Gjört í Reykjavík, 4. mars 1992.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Friðrik Sophusson.

## L Ö G

### um breyting á lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhöðu og endurbætur menningarbygginga.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. og 2. málsl. a-liðar 1. mgr. 3. gr. orðast svo:

0,25% á þann eignarskattsstofn manna, sbr. 80.–82. gr. laga nr. 75/1981, sem er umfram 4.930.000 kr. Skattskyld mark til sérstaks eignarskatts skal breytast samkvæmt skattvísitölu, sbr. 122. gr. greindra laga, í fyrsta sinn á gjaldárinu 1993 samkvæmt skattvísitölu gjaldársins 1993.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu sérstaks eignarskatts á árinu 1992 vegna eigna í lok ársins 1991.

*Gjört í Reykjavík, 18. mars 1992.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Ólafur G. Einarsson.